

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 28. febrúar 2023

Alþingi
Atvinnuveganefnd
b.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um breytingu á ýmsum lögum er varða opinbert eftirlit Matvælastofnunar (samræming gjaldtökuheimilda), 540. mál, 153. löggjafarþing.

Ljóst má vera að þeir lagabálkar sem fyrirhugaðar breytingar ná til hafa beina tengingu við landbúnað. Íslenskur landbúnaður hefur staðið frammi fyrir fordæmalausum hækkunum aðfanga sem hafa haft verulega neikvæð áhrif á afkomu í greininni og greinin því ekki aflögufær um slíkar fjárhæðir sem hér eru til umræðu.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að samhliða gerð frumvarpsins hafi farið fram greining á vegum KPMG og Matvælastofnunar á raunkostnaði sem myndast við eftirlit og þjónustu sem Matvælastofnun sinnir. Á grundvelli þeirrar greiningar verði gefin út ný gjaldskrá Matvælastofnunar. Með hinni nýju gjaldskrá megi lauslega gera ráð fyrir að lögbundnar rekstrartekjur Matvælastofnunar hækki um 300–400 millj. kr. frá því sem nú er. Á móti sé áætlað að útgjöld stofnunarinnar vegna eftirlitsins geti aukist um 100–200 millj. kr.

Í greinargerð kemur jafnframt fram að stofnunin hafi verið rekin með halla. Í ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2021 má hinsvegar sjá að stofnunin var þvert á móti rekin með hagnaði upp á rúmar 22 millj. Þar kemur einnig fram að *Aðrar rekstrartekjur* stofnunarinnar, sem munu vera innheimt gjöld á grundvelli gjaldskrárheimilda, hækka um 83 milljónir frá árinu áður.

Bændasamtökin óskuðu eftir afriti af þeirri greiningu KPMG og Matvælastofnunar sem nefnd er hér að framan. Fengu samtökin senda eina blaðsíðu með grófum heildar kostnaðartölum en þar var hvorki að finna greiningu niður á málaflokka, lagabálka eða tekjuhlið starfseminnar með sambærilegri greiningu. Þá var þar ekki heldur að finna greiningu á því með nákvæmri útlistun hvaða verkþættir eru og eiga að vera skv. lögum fjármagnaðir af fjárlögum og hverjir eiga að vera fjármagnaðir af þjónustugjöldum.

Telja Bændasamtökin að þörf sé á mun ítarlegri greiningu á því hvar ætlunin sé að sækja þær 300-400 millj. kr. sem boðaðar eru á grundvelli bæði þeirra lagabreytinga sem hér eru til umræðu og breytinga á gjaldskrá. Séu þær tölur réttar sem settar eru fram þ.e. að hækka þurfi gjaldtöku um allt að 400 millj. kr. á ári þá verði jafnframt að fara fram greining og nákvæm skoðun á því hvar hægt sé að ná fram hagræðingu hjá stofnuninni til að lækka kostnað. Eðli máls samkvæmt eru þær atvinnugreinar sem um ræðir ekki aflögufærar um slíkar fjárhæðir sem hér eru til umræðu.

Bændasamtökin hafa ekki skynjað það í samtölum við Matvælastofnun að stofnunin telji sig undirfjármagnaða og velta því þar af leiðandi fyrir sér hvernig standi til að ráðstafa þeim 100-200 millj. kr. sem talin eru vera aukin útgjöld samhliða lagabreytingunni og uppfærðri gjaldskrá.

Samtökin leggjast því gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur